

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 10. desember 1982

um breytingu á tilskipun 78/170/EBE um hæfni tækja til upphitunar húsnæðis og öflunar heits vatns í nýjum eða eldri byggingum, sem eru ekki notaðar til atvinnurekstrar, og um einangrun hita- og neysluvatnskerfa í nýjum byggingum sem eru ekki notaðar til atvinnurekstrar

(82/885/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 103. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 78/170/EEC ⁽³⁾ er aðildarríkjunum gert skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll ný tæki til upphitunar húsnæðis og/eða heits neysluvatns í nýjum eða eldri húsum sem eru ekki notuð til atvinnurekstrar uppfylli lágmarkskröfur um afköst.

Í téðri tilskipun er kveðið svo á um að gengið verði úr skugga um að lágmarkskröfur um vinnslugetu séu tryggðar með skoðun annaðhvort á framleiðslustigi upphitunartækis eða við uppsetningu þess.

Enn fremur er kveðið svo á um að orkutap í upphitunartækjum sem skoða ber við uppsetningu megi ekki fara yfir þau mörk sem aðildarríkin mæla fyrir um.

Engu að síður er kveðið á um að í síðari tillögu, að aflokinni viðeigandi tæknilegri úttekt, verði fjallað um þau tæki sem ekki er unnt að gera gerðarpröfun á.

Þar eð þessari úttekt er lokið ber að gera viðeigandi ráðstafanir að því er varðar umrædd upphitunartæki.

Úttektin sýnir að nauðsynlegt er að gera ráð fyrir þeim möguleika að nokkur tími líði frá því að upphitunartæki, sem ekki hentar til gerðarpröfunar, er sett upp uns skoðun fer fram á staðnum.

Þess utan hefur úttektin leitt til þess að samdar hafa verið starfsreglur sem segja til um hvernig haga beri skoðun á upphitunartækjum sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti og skylt er að skoða við uppsetningu.

Af þessu leiðir að nauðsynlegt er að skoða umrædd upphitunartæki í samræmi við áðurgreindar starfsreglur sem fela í sér sameiginlegar lágmarkskröfur fyrir allt bandalagið. Ákvæði starfsreglnanna gilda ekki um upphitunartæki sem brenna eldsneyti í föstu formi.

Það er við hæfi að kveðið verði á um upplýsingaskilti, svipað því sem mælt er fyrir um vegna upphitunartækja sem skoðuð eru á framleiðslustiginu, svo að fljótlegt sé að ganga úr skugga um að reglum um skoðun við uppsetningu hafi verið fullnægt. Skoðunarskýrsla getur komið í staðinn fyrir skiltið. Sé kröfum um afköst eða varmatap ekki fullnægt ber að senda skoðunarskýrsluna til lögbærs stjórnvalds.

Þær ráðstafanir sem gripið er til vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar ættu að fela í sér ráðstafanir sem samþykktar eru um samræmingu á lögum aðildarríkjanna á þeim sviðum sem þessi tilskipun fjallar um og ættu að beinast að því að auðvelda þá samræmingar- og stöðlunarvinnu sem þegar er hafin eða í vændum er, bæði á vettvangi bandalagins og á alþjóðlega vísu.

Því ber að breyta tilskipun 78/170/EBE.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 175, 14. 7. 1980, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 300, 18. 11. 1980, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 52, 23. 2. 1978, bls. 32.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 78/170/EEC:

1. Orðin „sem verjandi eru vegna kostnaðar“ bætast við fyrstu undirgreinina í 1. mgr. 1. gr. strax á eftir orðunum „lágmarkskröfur um afköst“;
2. Í stað fjórðu undirgreinar í 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:
„Hitari með raunrafviðnám, varmadælur og tengingar við fjarvarmaveitur skulu undanskilin;“
3. Síðasta undirgrein 1. mgr. 1. gr. falli niður;
4. Eftirfarandi málsgreinar bætast við 1. gr.:

„3. a Lögbært stjórnvald skal taka ákvörðun um upphitunartæki sem skoða ber við uppsetningu og ekki uppfylla lágmarkskröfur um afköst og er því heimilt að fyrirskipa að tækið verði tekið úr notkun. Staðfesta skal að tækið uppfylli þessar kröfur með upplýsingaskilti þar sem fram koma að minnsta kosti þær upplýsingar sem kveðið er á um í 3. mgr., að síðasta undirliðnum, um orkunotkun upphitunartækis þegar það vinnur miðað við uppgefin afköst, undanskildum.

Ekki þarf að greina frá hámarkshita upphitaða vökvans sem kveðið er á um í fimmta undirliði ef hitinn er tilgreindur annars staðar.

Skoðunaraðilanum skal gert skylt að afhenda notandanum skoðunarskýrslu í því formi sem aðildarríkið mælir fyrir um. Í skýrslunni skal meðal annars veita sömu upplýsingar og fram koma á upplýsingaskiltinu sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein. Skýrslan getur komið í stað skiltisins.

Komi fram í skoðunarskýrslunni að upphitunartæki uppfylli ekki lágmarkskröfur um afköst ber skoðunaraðilanum að senda afrit af skýrslunni til lögbærs stjórnvalds. Hafi upphitunartækið komið frá öðru aðildarríki skal stjórnvaldið á þeim stað sem skoðunin fór fram

útvega birginum afrit af skoðunarskýrslunni að beiðni hans og með samþykki eigandans.

3. b Skoðun á upphitunartækjum við uppsetningu skal fara fram í samræmi við starfsreglurnar sem fram koma í viðaukanum við þessa tilskipun. Ákvæði starfsreglnanna skulu fela í sér sameiginlegar lágmarkskröfur fyrir allt bandalagið. Aðildarríkjunum er heimilt að taka ákvörðun um að bæta við þær en ekki að fella þær úr gildi eða setja öndverðar reglur. Ákvæði starfsreglnanna skulu ekki gilda um upphitunartæki sem brenna eldsneyti í föstu formi eða þéttikatla“;

5. Í stað 4. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„4. Sé um að ræða upphitunartæki sem skoða ber við uppsetningu er aðildarríkjunum heimilt að setja reglur um hámarksorkutap í samræmi við lið 3.1 í starfsreglunum í stað lágmarkskrafna um afköst.

Þegar þannig háttar til gilda ákvæði 3. málsgreina a og b.“

2. gr.

Viðaukanum við þessa tilskipun skal bætt við tilskipun 78/170/EEC.

3. gr.

Aðildarríkjunum ber að samþykkja ráðstafanir vegna prófunar er fari fram við uppsetningu upphitunartækja innan átján mánaða frá birtingu tilskipunar þessarar.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. desember 1982.

Fyrir hönd ráðsins,
G. FENGERMÖLLER
forseti.

VIDAUKI

STARFSREGLUR FYRIR PRÓFUN VÍÐ UPPSETNINGU Á AFKÖSTUM TÆKJA SEM BRENNA ELDSNEYTI Í FLJÓTANDI EÐA LOFTKENNDU FORMI OG ERU NOTUÐ TIL UPPHITUNAR OG/EÐA UPPHITUNAR NEYSLUVATNS Í HÚSUM SEM ERU EKKI NOTUÐ TIL ATVINNUREKSTRAR**PRÓFUNARADFERÐ OG ÁKVÖRÐUN Á ORKUTAPI**

1. ALMENNT
 - 1.1. Þegar um ræðir upphitunartæki sem geta notað mismunandi gerðir eldsneytis (fljótandi eða loftkenndar) skal framkvæma prófunina með þeim tegundum eldsneytis sem eru í samræmi við lýsingu framleiðandans og fánlegt er þegar prófunin fer fram.
 - 1.2. Á útblástursröri skal vera rauf til að setja inn mælinema og til að taka reyksýni.
 - 1.3. Nákvæmni mælinganna skal vera nægileg til að hægt sé að ná þeirri heildarnákvæmni sem aðildarríkin tilgreina.
 - 1.4. Prófunin skal fara fram innan hæfilegs frests og við þau afköst sem upphitunartækið er gefið upp fyrir. Sé þess ekki kostur skal það reynt við sem líkast álag. Ef upphitunartækið er hannað fyrir tvenns konar mismunandi álag eða meira er aðildarríkjunum heimilt að æskja þess að prófun við minna álag fari einnig fram. Það álag sem notast er við skal metið með áreiðanlegum hætti.
 - 1.5. Hvort sem afköstin eru ákvörðuð beint eða óbeint skulu þau táknuð sem hundradshluti af hreinu eða vergu varmagildi þess eldsneytis sem fer inn í brennarann við það álag sem metið er eins og frá greinir í 1.4.
2. PRÓFUNARSKILYRÐI
 - 2.1. **Undirbúningur upphitunartækis**
 - 2.1.1. Það er á ábyrgð notandans, hugsanlega með hjálp framleiðandans og/eða þess sem setur upphitunartækið upp, að hreinsa tækið, stilla og undirbúa á hvern þann hátt sem hann telur að nauðsynlegt sé. Lögbært stjórnvald getur skyldað slíka hreinsun.
 - 2.1.2. Ganga skal úr skugga um að upphitunartækið sjálft svo og tenging þess við reykror sé þétt.
 - 2.2. **Lýsing á upphitunartækinu**
 - 2.2.1. Áður en prófunin fer fram skal sá sem hana framkvæmir (hér eftir nefndur „skoðunaraðilinn“) skrá allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera grein fyrir upphitunartækinu, að minnsta kosti eiginleikum þess og tæknilýsingu svo sem frá er greint á upplýsingaskilti og/eða í leiðbeiningum þeim um samsetningu og rekstur sem notanda eru látnar í té og greina frá framleiðanda, gerð, framleiðsluári og hitunarafköstum.
 - 2.2.2. Skoðunaraðilanum ber að tryggja að nauðsynlegum skilyrðum sé fullnægt svo að engin sú röskun verði meðan á prófuninni stendur sem dregið gæti úr gildi hennar.

Í þessu augnamiði skal hann meðal annars fara fram á að notandi leggi fram vottorð, eða einhvern annan vitnisburð, sem staðfestir að farið hafi verið eftir öryggiskröfum þeim sem mælt er fyrir um varðandi kyndiklefa og næsta umhverfi hans. Úrskurða má að þessu skilyrði hafi verið fullnægt í þeim aðildarríkjum þar sem ekki er hægt að setja upphitunartæki upp eða taka þau í notkun án undangenginnar öryggisprófunar. Séu engin ákvæði um slíkar prófanir í innlendum lögum á skoðunaraðilinn allt að einu eðlilegan rétt á því að fullvissa sig um að vinnuáðstæður séu öruggar áður en hann framkvæmir prófunina.

Ef ofangreind atriði eru ófullnægjandi getur skoðunaraðilinn neitað að framkvæma prófunina og í slíkum tilvikum ber honum að greina frá því í sérstakri skýrslu.

2.3. Forprófun

2.3.1. Áður en prófunin sjálf fer fram er skoðunaraðilanum heimilt að forprófa búnaðinn til þess að kanna og stilla mælitæki þau sem sett hafa verið upp fyrir prófunina. Skoðunaraðilanum ber að ganga úr skugga um að allar mælingar séu eins nákvæmar og krafist er. Þá skal skoðunaraðilinn enn fremur ganga úr skugga um að önnur tæki, sem hann hyggst nota við mælingarnar og eru hluti af venjulegum búnaði upphitunartækisins, uppfylli kröfur um nákvæmni og áreiðanleika.

2.3.2. Það er á ábyrgð notandans með hjálp framleiðandans og/eða þess sem setur upphitunartækið upp og með leyfi eigandans að gera allar þær lokastillingar á upphitunartækinu sem nauðsynlegar kunna að vera og láta í té ýmsar skýringar til þess að skapa megi sem hægstæðust skilyrði fyrir prófunina.

2.4. Prófunin

2.4.1. Framkvæmd prófunarinnar er alfarið á ábyrgð skoðunaraðilans.

2.4.2. Prófunin skal fara fram við stöðugar aðstæður og skal rennsli eldsneytis og loftflæði frá bruna vera stöðugt.

2.4.3. Meðan á prófuninni stendur ber skoðunaraðilanum að gera þær skyldumælingar sem kveðið er á um í 3. lið og eftir atvikum þær valkvæðu mælingar sem kveðið er á um í 4. lið. Honum ber að gera skýrslu svo sem kveðið er á um í 5. lið.

3. ÁKVÖRÐUN Á VARMATAPI Í ÚTBLÆSTRI

3.1. Mæling á varmatapi

Ef afköstin eru mæld með óbeinni aðferð ber skoðunaraðilanum að mæla hundradshluta annaðhvort koldíoxíðs eða súrefnis í útblæstri.

Síðan skal hann beita reiknireglu sem hefur að geyma viðeigandi fasta auk þess að mæla hitamismun milli útblásturs- og inntakslofts. Reiknireglan og fastarnir þurfa að hafa verið birt í aðildarríkinu sem skoðunaraðilinn heyrir undir eða skilgreind í staðli.

Sé engum opinberum reglugerðum eða stöðlum til að dreifa er heimilt að reikna varmatap út frá eiginleikum eldsneytisins, varmagildi þess og rúmmáli umframlofts með því að nota töflur um eðlisvarma sprengifimra lofttegunda eins og þær sem settar voru á tólfta alheimsþingi um gas („12th World Gas Congress“) (IGU/E/17/73).

Framangreind málsmeðferð gildir ekki um þéttikatla.

3.2. Mæling á sóti í útblásturslofti

Þessa mælingu ber skoðunaraðilanum að framkvæma þegar upphitunartækið notar eldsneyti í fljótandi formi eða própan-gas (LPG) í fljótandi formi. Mæling skal gerð með viðeigandi tæki; niðurstöður skulu settar fram sem venjuleg sóttala (á bilinu 0 – 9).

4. AÐRAR PRÓFANIR (VALKVÆÐAR)

4.1. **Leifar af kolsýrlingi**

Hægt er að fela skoðunaraðilanum að kanna hvort kolmónoxíð sé í útblæstrinum frá upphitunartækinu í slíku magni að vafi leiki á um niðurstöður mælinganna sem gerðar voru í samræmi við lið 3.1.

4.2. **Varmatap í gegnum ytra byrði upphitunartækisins**

Í þeim aðildarríkjum sem hafa hvorki reglugerðir, tæknireglur né önnur ákvæði um þetta atriði má fela skoðunaraðilanum að meta varmatap um ytra byrði út frá upplýsingum sem framleiðandinn lætur í té og/eða yfirborðsmælingum sem gerðar eru meðan prófunin fer fram.

5. PRÓFUNARSKÝRSLA

Að prófun lokinni skal skoðunaraðilinn gera skýrslu í því formi sem aðildarríkið mælir fyrir um þar sem greint er frá helstu eiginleikum upphitunartækisins, mælingum sem gerðar voru, reiknireglu sem notuð var til að reikna orkutap og afköst upphitunartækisins.